

# BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS

## BADMINTON ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík  
Sími: 514 4045 [bsi@badminton.is](mailto:bsi@badminton.is), [www.badminton.is](http://www.badminton.is)



Reykjavík 18. október 2022

## Mótsboð – Deildakeppni BSÍ 2022 - 2023

Deildakeppni Badmintonsambands Íslands (BSÍ) í badminton er liðakeppni félaga innan vébanda ÍSÍ.

Leikið skal samkvæmt meðfylgjandi reglum um Deildakeppni BSÍ.

Þátttökutilkynningar ásamt upplýsingum um nafn hvers liðs, nafnalista og fyrirliða skal skila á Excel formi og berast Badmintonsambandi Íslands eigi síðar en mánudaginn 24. október á netfangið [deildakeppni@badminton.is](mailto:deildakeppni@badminton.is).

### Helstu reglur:

- Hverju félagi er heimilt að senda eitt eða fleiri lið til þátttöku. Einnig geta félög sameinast um lið.
- Í keppninni eru þrjár deildir: Úrvalsdeild, 1.deild og 2.deild.
- Leikmaður hefur ekki þátttökrétt í 2. deild ef:
  - Leikmaður hefur verið færður upp í efstu deild þ.e. Meistaraflokk þegar það var og hét á einhverjum tímamarki.
  - Leikmaður hefur unnið sig upp í Úrvalsdeild samkvæmt styrkleikalista á einhverjum tímamarki.
  - Leikmaður hefur orðið Íslandsmeistari í A-flokki/1.deild.
- Að öðru leiti má skrá leikmenn í hvaða deild sem er óháð styrkleikalista BSÍ.
- Leikir verða fimm í Úrvalsdeild (MS, WS, MD, WD, XD).
  - Fjöldi leikmanna í hverju liði í Úrvalsdeild þarf að vera að lágmarki fjórir (2 konur og 2 karlar).
- Leikir verða sjö í 1. deild og 2. deild (2MS, 1WS, 2MD, 1WD, 1XD). Raða þarf í styrkleikaröð í einliðaleik karla.
  - Fjöldi leikmanna í hverju liði í 1. deild og 2. deild þarf að vera að lágmarki sex (2 konur og 4 karlar).
- Allir félagsmenn hvers félags geta verið á varamannalista. Sé leikmaður kallaður inn í lið, er hann bundinn því liði. Að hámarki má kalla inn tvo leikmenn í hverri umferð.
- Hver leikmaður má leika tvo leiki í keppni tveggja liða og þá ekki í sömu grein.
- Sérhver leikmaður getur aðeins keppt með einu liði.
- Sigur í hverri keppni tveggja liða gefur 2 stig.
- Heiti liðs skal auðkenna með heiti félags/félaga þeirra leikmanna sem eru í liðinu. Ásamt því er heimilt að auðkenna lið með íslensku nafni, tölustaf eða bókstaf.
- Erlendir ríkisborgarar sem eru með skráð lögheimili hér á landi og hafa verið skráðir í aðildarfélag ÍSÍ í minnst 30 daga fyrir leik viðkomandi hafa rétt til þátttöku. Þá geta einnig erlendir ríkisborgarar sem hafa haft fasta búsetu hér á landi í minnst 30 daga fyrir leik viðkomandi og verið skráðir í aðildarfélag ÍSÍ á sama tíma átt rétt til þátttöku. Sjá nánar í reglum um Deildakeppni BSÍ.

- Verði lið jöfn að stigum í lok keppinnar ráðast úrslit af fjölda sigurleikja, þá mismun af unnum lotum og töpuðum, en loks af mismun unninna stiga og tapaðra. Ef enn er jafnt skal varpað hlutkesti um úrslitin.
- Hvert félag sendir inn ákveðinn leikdag fyrir hvert lið.
- Hvert lið skal spila í liðsbúning.
- Stefnt er að því að spilað verði heima og að heiman í öllum deildum, og að leikið verði ein umferð í mánuði.

Sé misræmi milli mótsboðunar þessarar og reglna um Deildarkeppni, þá skulu reglur um Deildarkeppni ganga frammar.

**Almenn atriði:**

- BSÍ biður félögin að skrá leikmenn samviskusamlega í rétt lið m.v. styrkleika leikmanna.
- Í Úrvalsdeild skal heimalið sjá um að dómari sé á öllum fimm leikjunum. Í 1. deild og 2. deild skal heimalið útvega teljara.
- Heimalið skal sjá um að nægur fjöldi kúla sé til staðar.
- Spila skal með RSL Classic kúlum. BSÍ getur haft milligöngu um kaup á kúlum.
- BSÍ biður félögin að huga vel að umgjörð leikjanna.

Þátttökugjald er 50.000 kr. á hvert lið.

Með von um góða þátttöku.

Laufey Sigurðardóttir

Mótastjóri Badminton sambands Íslands

deildakeppni@badminton.is